

Minnisblað

Til: Bæjarráð
Frá: Hafdís Gunnarsdóttir
Dags. 22. september 2021
Mnr. 2021090090



ÍSAFJARÐARBÆR

Beiðni um nýja skorklukku á Torfnsvelli

Þann 17. september 2021 kom beiðni frá knattspyrnudeild Vestra, í gegnum Héraðssamband Vestfirðinga, um að Ísafjarðarbær kaupi nýja skorklukku á fótboltavellinum á Torfnesi.

Skorklukkan sem er núna í notkun er komin til ára sinna og hefur ítrekað verið að bila sl. ár. Í sumar hefur Ísafjarðarbær þurft að kalla til rafvirkja 10 sinnum til að láta laga hana, en það hefur dugað skammt. Síðast þegar skorklukkan var í notkun bað dómari um að slökkt yrði á henni því hún bilaði í byrjun leiks. Þar af leiðandi gátu hvorki áhorfendur né leikmenn séð hversu mikið væri eftir af leiktímanum.

Samkvæmt upplýsingum frá HSV og knattspyrnudeild Vestra er áætlaður kostnaður nýrrar skorklukku um kr.5.000.000.-

HG